

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ. Breytingin felst í að heimilt verður að hafa lokað skýli á lóðarmörkum á austurhluta lóðar í stað opins skýlis áður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi Ásgarðs, íþrótt- og skólasvæðis í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ. Breytingin felst í að lóðarmörkum milli félagsheimilis Stjórnunnar og íþróttavalla er breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 19. maí 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.